



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. janúar 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins og hófst kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Jón Ólafur Sigurjónsson varamaður fyrir Péturínu Laufey Jakobsdóttur, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. dagskrárlið. Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að gerði yrði breyting á dagskrá og undir lið 7. b) yrði tekin fyrir umsagnarbeiðni sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 8. október 2024. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit jan-nóv 2024 og framkvæmdayfirlit jan-des 2024

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-maí 2024 og framkvæmdayfirlit sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi.

Í máli sveitarstjóra kom fram að í nótt hafi í annað skiptið á stuttum tíma allt fjarskiptasamband rofnaði við Skagaströnd vegna strengslits á stofnstreng milli Skagastrandar og Blönduóss. Staðan er þannig að það eru um 15 sveitarfélög á Íslandi sem eru eintengd með ljósleiðarastofnstreng við fjarskiptakerfi landsins. Það hefur þær afleiðingar að þegar sá ljósleiðarastrengur rofnar þá rofnar að sama skapi allt samband við umheiminn. Þetta hefur eðlilega mikil áhrif á daglegt líf og öryggi þeirra samfélaga sem við þetta búa. Það er því mjög mikilvægt að þau sveitarfélög sem eru í þessari stöðu sameinist og vinni með yfirvöldum að því að tryggja örugg fjarskipti í öllum þéttbýlum landsins. Með því að byggja upp tvítengingar geta sveitarfélögin haft varaleið þegar fyrsta tenging rofnar, sem tryggir stöðugleika og öryggi í fjarskipum.

Óskað hefur verið eftir fundi með innviðaráðuneytinu og Fjarskiptastofu til þess að ræða stöðuna en hið opinbera verður að koma að borðinu til þess að hægt verði að leysa þessi mál sem fyrst. Þann 19. september sl. staðfestu Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og innviðaráðherra samninga fjarskiptasjóðs við 25 sveitarfélög um að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins fyrir árslok 2026. Ráðast þyrfti í sambærilegt verkefni til að klára að tvítengja þau sveitarfélög á landinu sem eftir standa.

Sveitarstjóri hefur verið í góðu sambandi við Mílu vegna þess rofs sem hefur orðið á fjarskiptum í sveitarfélaginu sem lítið er alvarlegum augum. Á meðan tvítengingu hefur ekki verið lokið eru



sveitarfélagið og Míla að skoða í sameiningu að ráðast í tilraunaverkefni sem felur í sér að setja upp Starlink þjónustu í sveitarfélaginu sem rekin er af SpaceX og býður upp á internet í gegnum gervihnetti. Þjónustan mun þá virka sem varaleið fyrir net og farsíma á Skagaströnd ef að strengslit verður að nýju. Fundað verður vegna málsins í næstu viku með þar til bærum aðilum.

Var skýrsla sveitarstjóra að öðru leyti flutt munnlega og til kynningar.

3. Oddagata 12

Í desember 2024 var ákveðið að kanna hvort áhugasamir kaupendur fengjust að Oddagötu 12, húsnaði í eigu sveitarfélagsins, og var húsið auglýst til sölu á opinberum útboðsvef. Sala á húsinu var skilyrt við að væntanlegir kaupendur tækju yfir húsnaðið og reksturinn. Ákvörðun um sölu er jafnframt bundin þeirri kvöð að kaupandi haldi áfram með verkefni sveitarfélagsins sem felst í því að setja á laggimar samvinnurými fyrir frumkvöðla og fyrirtæki staðsett á Skagaströnd en sveitarfélagið fékk styrk í gegnum SSNV úr C1 verkefni sóknaráætlunar til að stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í sveitarfélaginu.

Tvö tilboð bárust í fasteignina innan veitts frests. Bæði tilboðin uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í auglýsingunni og voru báðir tilboðsgjafar tilbúnir til þess að stuðla að uppbyggingu á samvinnurými í fasteigninni yrði þeirra tilboði tekið.

a. Verk lausn ehf.

Tilboð Verk lausnar er að gerð verði makaskipti á húseign fyrirtækisins að Mánabraut 2 (F2138925) sem afhent verði veðbandalaus og standi sem fullnaðargreiðsla fyrir fasteignina að Oddagötu 12. Húsið keypti Verk lausn ehf. árið 2022 á 32,8 m.kr. og miðast mat á verðmæti tilboðsins við þá upphæð. Er tilboðið fyrirvaralaust.

b. Neglan ehf.

Tilboð Neglunnar ehf. nemur 17,8 m.kr. með fyrirvara um fjármögnun.

Sveitarstjórn ræddi fram komin tilboð og samþykkti með fimm greiddum atkvæðum að ganga að tilboði Verk lausnar sem sveitarstjórn telur vera umtalsvert hagstæðara en tilboð Neglunnar auk þess sem það er án fyrirvara. Var sveitarstjóra falið að ganga frá sölu á Oddagötu 12 (F2138940) miðað við framangreinda skilmála.

4. Barnaból – breyting á inntökureglum

Við vinnslu fjárhagsáætlunar var tekin ákvörðun um að hækka inntökualdur á leikskóla sveitarfélagsins úr 9 mánuðum í 12 mánaði og tók breytingin gildi 1. janúar 2025. Var sveitarstjóra falið að vinna drög að nýjum heildarreglum um inntöku barna í leikskóla í sveitarfélaginu.

5. Ásgarður skólaráðgjöf – drög að samningi

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um skólaráðgjöf við Ásgarð. Síðustu mánuði hefur verið unnið að slitum á Félags- og skólaþjónustu A-Hún og hefur sveitarfélagið nýtt þjónustu fræðslustjóra innan þess samstarfs. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að leita annarra leiða í skóla- og fræðsluþjónustu og kaupa þá þjónustu ekki af Húnabyggð. Sveitarstjórn ræddi framlögð samningsdrög og bar samninginn svo upp til atkvæðagreiðslu. Samningurinn var samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og mun taka gildi þegar slit Félags- og skólaþjónustu A-Hún verða gengin í gegn.



6. Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins - endurskoðun

Fyrir fundinum lá endurskoðuð Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2025. Var áætlunin borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

7. Bréf

a. NES listamiðstöð dags. 12. nóvember 2024

Efni: Ýmis málefni

Fyrir fundinum lágu tvö erindi frá Nes listamiðstöð:

- Ósk um viðhald og bætur á húseign að Fjörubraut 6: Með erindinu er óskað eftir því að ráðist verði í ýmsar framkvæmdir á húsnæði sveitarfélagsins að Fjörubraut 6 sem Nes listamiðstöð hefur afnot af. Er áætlaður kostnaður vegna framkvæmda 1,6 m.kr. Sveitarstjórn tók erindið til umfjöllunar við vinnslu fjárhagsáætlunar en sá sér ekki fært að verða við framkominni beiðni á þessum tímamarki.
- Ósk um húsnæði undir leirlistar- og grafík verkstæði í vesturenda Fjörubrautar 6 Með erindinu er óskað eftir því að Nes fái hluta af húsnæði áhaldahúss undir leirlistar- og grafíkverkstæði til þess að hægt verði að auka við það framboð sem Nes hefur upp á að bjóða í dag. Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að óska eftir frekari upplýsingum. Var afgreiðslu erindis frestað.

b. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra dags. 12. október 2024

Efni: Umsagnarbeiðni.

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna veitingaleyfis. Umsækjandi er Djákninn ehf. kt. 530716-1120 að Mánagtöu 3, 730 Reyðarfirði. Forsvarsmáður er Gunnar Viðar Þórarinsson kt. 060586-2929 að Ásgerði 8, 730 Reyðarfirði. Sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfi í Flokki II – C Veitingastofa og greiðsala fyrir fasteign og starfsemi að Oddagötu 2, fasteignanúmer 2138944, rýmismúmer 110 og hámarksfjöldi gesta 20. Afgreiðslutími áfengis er frá 8:00-20:00 bæði virka daga og frídaga.

Umsögn sveitarstjórnar: Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að leyfið sé veitt svo framarlega sem jákvæðar umsagnir þar til bærri aðila liggja fyrir.

8. Fundargerðir

a. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. nóvember 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13. desember 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórn SSNV dags. 7. janúar 2025

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:05

